

Leikskólinn Heklukot.

Í Heklukoti höfum við reynt að halda okkar skipulagi eins og við getum en að sjálfsgöðu þurftum við að gera einhverjar breytingar þegar reglugerð heilbrigðisráðherra var gefin út.

Skipulagðir íþrótta- og yogatímar, ásamt listasmiðju, falla niður en sérkennslan heldur sér eins og áður. Starfsmenn bera grímur þegar þeir taka á móti börnunum á morgnana og ef þeir geta ekki uppfyllt 2 metra regluna innanhúss. Þeir fara ekki á milli deilda og í sameiginleg rými og hafa því verið settar upp kaffistofur fyrir hverja deild, alls 5 stk ☺

Foreldrar eru með grímur þegar þeir koma með börn sín á morgnana og þegar þau er sótt en þeim er skilað úti í lok dags. Foreldrar mega ekki koma inn í leikskólann og er því tekið á móti börnunum á morgnana við útidyrhurðir og hefur það gengið vonum framár.

Gripið var til þess ráðs að kaupa farsíma fyrir hverja deild sem hægt er að hringja í ef börn eru sótt fyrr þá er hægt að hafa þau tilbúin, eða þegar verið er í göngutúrum/vettvangsferðum þá er alltaf hægt að ná í þau.

Eins og venjulega standa sig allir með prýði, börn, starfsmenn og foreldrar og með góðri samvinnu komumst við í gegnum þetta tímabil og verðum sterkari fyrir vikið.